



Heilbrigðisráðuneytið
Samráðsgátt mál nr. 15/2021

Reykjavík 12. febrúar 2021

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 (afglæpavæðing neysluskammta).

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 (afglæpavæðing neysluskammta).

Barnaheill – Save the Children á Íslandi þakka fyrir boð um að senda inn athugasemdir við ofangreint mál.

Að mati Barnaheilla er það heillaskref ef lögum verður breytt á þann veg að einstaklingum verði ekki gerð refsing fyrir það að hafa í fórum sínum vímuefni í neysluskömmtum. Samtökin taka undir þau sjónarmið sem fram koma í umfjöllun ráðuneytisins um fyrirhugaðar lagabreytingar að mikilvægara er að styðja þá sem ánetjast hafa vímuefnum til bata fremur en að beita hörku og refsingum gagnvart því ástandi. Barnaheill benda þó á nýjar hugmyndir um sjónarmið gagnvart vímuefnaneytendum sem hverfa frá notkun sjúklingahugtaksins. Líta þarf á þá sem nota og hafa ánetjast vímuefnum, sem fólk með ákveðinn vanda vegna veikleika sem þróast hafa sem afleiðingar annarra þátta. Mikilvægt er að skoða vandann í samhengi; vímuefnavandann og ofbeldi og áföll í æsku, fremur en að líta á fólk sem sjúklinga og hvað þá glæpafólk. Fíknihvöt er næstum alltaf viðbragð við tilfinningaálagi (Felitti, 1998. Sjá grein Rótarinnar um viðfangsefnið: <https://www.rotin.is/haettuleg-taugalifraedithrahyggja/>). Barnaheill líta engu að síður svo á að um mikilvægar fyrirhugaðar breytingar sé að ræða sem leiða til aukinnar mannúðar og virðingar gagnvart einstaklingum sem njóta mannréttinda en hvetja til þess að orðnotkun verði í samræmi við ofangreint.

Barnaheill hafa veitt því athygli að í umfjöllun ráðuneytisins um áformin er tekið fram að málið varði aðeins fullorðna einstaklinga, þ.e. 18 ára og eldri. Að mati Barnaheilla skýtur það skökku við og hvetja samtökin ráðuneytið til að endurskoða það sjónarmið og huga vel að hagsmunum barna sem ánetjast hafa vímuefnum. Barnaheill telja það ekki síður mikilvægt að koma fram við börn sem ánetjast hafa vímuefnum sem börn sem þurfa stuðning og virðingu, sem börn sem að öllum líkindum þurfa að vinna úr áföllum sínum til að sigrast á vandanum, rétt eins og hinir fullorðnu. Þeim ber ekki að gera refsingu við því að hafa í fórum sínum neysluskammta vímuefna fremur en fullorðnum.

Börn sem hafa ánetjast vímuefnum eiga því í vanda sem þarf að veita þeim stuðning við að rata út úr svo þeim gefist kostur á að ná heilsu. Við þann stuðning þarf að huga að mannréttindum þeirra á heildstæðan hátt, m.a. að meta áhrif ákvarðana á líf þeirra og líðan og hlusta vel á sjónarmið þeirra og vilja. Þau eiga rétt á að láta skoðun sína í ljós og það er mikilvægt að vinna málin í góðu samráði við einstaklingana sjálfa, þ.e. börnin. Að hlusta vel á hverjar þarfir þeirra séu.

Öll börn eiga rétt á bestu mögulegu heilsuvernd og vernd gegn ofbeldi og vanrækslu. Mikilvægt er að muna alltaf að barn er einstaklingur með sín eigin sjálfstæðu mannréttindi, jafnvel þó það hafi ánetjast vímuefnum. Oft er um að ræða börn sem fyrir eiga við erfið andleg veikindi að stríða eða búa við og með einhvers konar andlega erfiðleika. Það er afskaplega mikilvægt að hlúa áfram að börnum af virðingu þó þau velji að prófa vímuefni. Slík sjónarmið þurfa að mati Barnaheilla alltaf að liggja til grundvallar í þjónustu við börn í vanda.

Barnaheill leggja mikla áherslu á vernd barna gegn ofbeldi og vanrækslu og á rétt barna til að hafa áhrif á ákvarðanir sem þau varða. Samtökin hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi.